

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 245/1993.

Vilborg Yrsa Sigurðardóttir

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Skaðabætur. Haldlagning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma Hrafn Bragason hæstaréttardómari, Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari, og Sigurður Líndal prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1993. Hann krefst þess aðallega, að stefndi greiði skaðabætur, að fjárhæð 775.800 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. ágúst 1992 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndi greiði 360.000 krónur í skaðabætur með dráttarvöxtum frá 27. mars 1991 til greiðsludags. Í báðum tilfellum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt nýtt skjal. Er það yfirlýsing Guðlaugs Magga Einarssonar frá 30. janúar 1994 um, að hann hafi haustið 1988 selt Ólafi Þór Þórhallssyni, þáverandi sambúðarmanni áfrýjanda, bifreiðina R-49061, af gerðinni Ford Fiesta, og fengið andvirði hennar greitt. Hann kvaðst því ekki gera kröfu til bifreiðarinnar, þótt ekki hafi verið gefið út afsal eða tilkynnt um sölu hennar, svo sem venjulegt sé.

I.

Lögreglan í Reykjavík lagði hald á framangreinda bifreið 5. júlí 1989, og skömmu síðar var henni komið til geymslu hjá Vöku hf. Samkvæmt lögregluskýrslu var ætlað, að hún væri í eigu Ólafs Þórs og Vilborgar Yrsu, og allt þótti benda til þess, að hún væri keypt fyrir andvirði sölu fíkniefna. Við rannsókn og meðferð mála á hendur þeim vegna brota á fíkniefnalöggjöfinni þrættu þau bæði fyrir það, að Ólafur Þór væri eigandi bifreiðarinnar, og kvaðst hann hafa

bifreiðina að láni. Guðlaugur Maggi og sambúðarkona hans, Guðbjörg Sævarsdóttir, báru hins vegar, að bifreiðin hefði verið seld honum. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1990 í máli Ólafs Þórs var krafa ríkissaksóknara um, að hann sætti upptöku bifreiðarinnar, tekin til greina. Hæstiréttur hafnaði hins vegar kröfunni í dómi sínum 26. mars 1991 í því sama máli. Segir í dóminum, að telja megji sannað, að hann hafi greitt Guðlaugi Magga 360.000 krónur vegna bifreiðarinnar fyrir árslok 1988 í þrennu lagi og haft umráð bifreiðarinnar. Beinum gögnum um eigendaskipti sé hins vegar ekki til að dreifa. Hvorugur þeirra geri tilkall til bifreiðarinnar. Ekki var talið nægilega sannað, að fé það, sem Ólafur Þór lagði til bifreiðarinnar, væri fengið með sölu fíkniefna. Þóttu því ekki og vegna atvika málsins að öðru leyti vera skilyrði til að gera bifreiðina upptæka sem jafnvirði hagnaðar af broti samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ólafur Þór var í máli þessu dæmdur í 4 ára fangelsi, til greiðslu sektar með tilliti til fjárvinnings af brotinu og til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Nam sektin 150.000 krónum og sakarkostnaðurinn 1.107.942 krónum. Ólafur Þór hvarf hins vegar af landi brott, áður en dómur féll í Hæstarétti. Hann hefur hvorki afplánað dóm sinn né greitt dómskuldir sínar.

Með bréfi lögreglustjórans í Reykjavík 27. júní 1991 var Vöku hf. heimilað að selja bifreiðina fyrir áföllnum kostnaði, en það, sem fengist umfram það, óskaðist afhent lögreglu. Segir í bréfinu, að bifreiðin hafi verið í „vörslum lögreglunnar“ í tæp tvö ár og enginn gert kröfu til að fá hana afhenta. Bifreiðin var síðan seld á uppboði sama dag að beiðni Vöku hf., en áður hafði það verið auglýst í tveimur dagblöðum. Fengust fyrir bifreiðina 145.000 krónur á uppboðinu, en áfallinn kostnaður Vöku hf. nam þá 323.737 krónum.

Með bréfi til lögreglustjóraembættisins 27. febrúar 1992 óskaði lögmaður áfrýjanda fyrir hönd föður hennar eftir því, að bifreiðinni yrði skilað að Sefgörðum 28, Seltjarnarnesi, þaðan sem hún var tekin. Með yfirlýsingu 22. júní 1992 viðurkenndi Ólafur Þór Þórhalls-son að hafa keypt bifreiðina af Guðlaugi Magga Einarssyni haustið 1988 og framselt áfrýjanda allan rétt sinn til hennar. Lögmaður áfrýjanda gerði síðan kröfu til bóta 2. júlí 1992 og höfðaði mál fyrir héraðsdómi með stefnu, birtri 12. október 1992. Hann reisti kröfuna

á því, að meðferð embættis lögreglustjóra á bifreiðinni hefði verið andstæð lögum. Ólafur Þór hafi átt bifreiðina allt frá haustinu 1988, og þar sem Hæstiréttur hafi hafnað að gera hana upptæka, hafi lögreglunni borið að skila henni aftur að Sefgörðum 28. Sala bifreiðarinnar á uppboði hafi verið algjörlega heimildarlaus, og beri lögreglan því ábyrgð á öllu því tjóni, sem áfrýjandi hafi orðið fyrir. Áfrýjandi sundurliðar kröfu sína svo, að 360.000 krónur séu vegna verðmætis bifreiðarinnar, en 415.000 krónur séu vegna afnotamissis hennar frá 26. mars 1991 til 2. júlí 1992. Áfrýjandi bar fyrir héraðsdómi 7. maí 1993, að bifreiðin hefði verið keypt haustið 1988 af Guðlaugi Magga Einarssyni.

II.

Dæma verður mál þetta eftir því, sem atvik lágu fyrir við uppboð það, sem fram fór 27. júní 1991 að beiðni Vöku hf. Áfrýjandi leiðir þann rétt, sem hún telur sig eiga til skaðabóta vegna sölu bifreiðarinnar, af eignarrétti Ólafs Þórs Þórhallssonar og verður að sæta öllum þeim vörnum, sem hafa má uppi gegn honum. Ólafur Þór hafði staðfastlega þrætt fyrir að eiga bifreiðina, og áfrýjandi hafði við rannsókn og meðferð málsins stutt þann framburð hans. Skráður eigandi, Guðlaugur Maggi Einarsson, gerði ekkert tilkall til bifreiðarinnar. Ólafur Þór hafði flúið af landi brott, og í tæpt ár frá hæstaréttardómi gerði enginn kröfu um að fá bifreiðina afhenta. Áfrýjandi og foreldrar hennar vissu, að lögreglan hafði lagt hald á bifreiðina. Kostnaður hlóðst upp vegna geymslu hennar, og Ólafur átti óloknað skuldir vegna fíkniefnamálsins og gerði engan reka að því að ljúka þeim. Algjör óvissa var um eignarhald bifreiðarinnar. Síðasti umráðamaður hennar, sem vitað var um, var horfinn af landinu undan ábyrgð sinni á refsiverðu athæfi, sem hann hafði verið dæmdur fyrir. Verður að telja, að lögreglan hafi, eins og hér stóð á, mátt heimila fyrir sitt leyti, að Vaka hf. seldi bifreiðina fyrir áföllnum kostnaði fyrirtækisins á uppboði, en fyrirtækið átti haldsrétt í bifreiðinni fyrir áföllnum kostnaði. Ber þegar af þessum ástæðum að staðfesta dóm héraðsdóms. Þarf ekki, eins og kröfugerð og málsástæðum áfrýjanda er háttað, að taka afstöðu til uppgjörs yfirvalda við Ólaf Þór Þórhallsson, þegar eða ef hann velur að gera upp sekt og kostnað, sem af dómi hans leiddi.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, svo sem í dóms-orði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vilborg Yrsa Sigurðardóttir, greiði í ríkissjóð 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1993.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms föstudaginn 7. maí sl., hefur Vilborg Yrsa Sigurðardóttir, kt. 240863-7319, Sefgörðum 28, Seltjarnarnesi, höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. október 1992, á hendur dómsmálaráðherra f. h. íslenska ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 775.800 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 [...].

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara krefst stefndi, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir, að haustið 1988 hafi Ólafur Þór Þórhallsson, kt. 170264-2669, keypt bifreiðina R-49061 (fast nr. JÖ 015), sem sé Ford Fiesta, árgerð 1987, af Guðlaugi Magga Einarssyni, kt. 191064-3999, á 360.000 kr. Í júlímánuði 1989 lagði lögreglan í Reykjavík hald á bifreiðina í tengslum við rannsókn á opinberu máli, en stefnandi kveður bifreiðina hafa þá verið í vörslum íbúa að Sefgörðum 28, Seltjarnarnesi, en þar búi foreldrar stefnanda, Sigurður B. Þorsteinsson og Kristín Jónsdóttir. Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. júní 1990 var Ólafi gert að sæta upptöku á bifreiðinni, sem þá var í vörslum lögreglunnar í Reykjavík. Með dómi Hæstaréttar 26. mars 1991 í málinu nr. 323/1990 var synjað kröfu ákærvalds um upptöku á bifreiðinni til ríkissjóðs. Hinn 27. júní 1991 ritaði deildarlögfræðingur við embætti lögreglustjórans í Reykjavík Vöku hf. bréf, þar sem hann heimilaði, að bifreiðin yrði seld á uppboði fyrir áföllnum geymslukostnaði. Sama dag var bifreiðin seld á uppboði, sem fram fór að Smiðshöfða 1 hér í borg. Hæsta boð í bifreiðina var 145.000 kr., og fór allt uppboðsandvirðið til greiðslu á ýmsum kostnaði við uppboðið og það, sem eftir var, til greiðslu geymslu-

kostnaðar hjá Vöku hf. Hinn 27. febrúar 1992 ritaði lögmaður stefnanda embætti lögreglustjórans bréf, þar sem þess var farið á leit við embættið, að það skilaði bifreiðinni í bifreiðageymslu þá, sem hún var tekin úr að Sefgörðum 28, Seltjarnarnesi. Stefnandi segir, að þessu bréfi hafi ekki verið svarað af hálfu embættis lögreglustjóra fyrr en 6. mars 1992. Hafi þá verið upplýst um afdrif bifreiðarinnar. Hann segir einnig, að 22. júní 1992 hafi Ólafur Þór Þórhallsson ritað yfirlýsingu þess efnis, að hann framseldi stefnanda máls þessa öll réttindi sín til bifreiðarinnar. Með bréfi, dags. 2. júlí 1992, hafi af hálfu stefnanda verið gerðar skaðabótakröfur á hendur embætti lögreglustjórans í Reykjavík vegna meðferðar embættisins á bifreiðinni. Hafi málið þá verið sent frá embætti lögreglustjórans til embættis ríkislögmans. Það embætti hafi hafnað öllum bótakröfum á hendur stefnda með bréfi, dags. 21. ágúst 1992. Stefnandi hafi því átt engra annarra kosta völ en höfða mál þetta til að fá skaðabætur vegna þess tjóns, sem embætti lögreglustjórans í Reykjavík hafi valdið við meðferð þess á bifreiðinni, en stefnandi hafi nú með fyrrgreindu framsali öðlast rétt til bótanna.

6.0. *Forsendur og niðurstaða.*

Stefnandi fullyrðir, að sambýlismaður sinn, Ólafur Þór Þórhallsson, hafi haustið 1988 keypt áðurgreinda bifreið, R-49061, af Guðlaugi Magga Einarssyni. Hinn 5. júlí 1989, er lögreglan í Reykjavík lagði hald á bifreiðina í tengslum við rannsókn á opinberu máli, var hún enn skráð eign Guðlaugs Magga Einarssonar. Í skýrslugjöf fyrir lögreglu vegna rannsóknar málsins 5., 8. og 10. júní 1989, sem fyrir liggur í gögnum málsins, neitar Ólafur Þór því, að hann eigi bifreiðina, en segist vera með hana að láni frá Guðlaugi Magga, þótt grunur lægi á, að hann hefði keypt hana. Stefnandi málsins fullyrðir einnig í yfirheyrslum hjá lögreglu 13. júní 1989, að bifreiðin hafi verið fengin að láni.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur frá 5. júní 1988 var Ólafi Þór að vísu gert að sæta upptöku á bifreiðinni, sem þá var í vörslum lögreglunnar, en í dómi Hæstaréttar frá 26. mars 1991 er hafnað kröfu ákærvalds um upptöku bifreiðarinnar til ríkissjóðs. Í þeim dómi er ekki að finna staðfestingu þess, að Ólafur Þór hafi verið eigandi bifreiðarinnar, svo sem stefnandi heldur fram.

Yfirlýsing Ólafs Þórs, dags. 22. júní 1992, þar sem hann lýsir yfir því, að hann hafi keypt umrædda bifreiða að Guðlaugi Magga og framselt stefnanda rétt til bifreiðarinnar, breytir engu um, að bein gögn um yfirfærslu eignarréttar til hans frá skráðum eiganda skortir í gögnum málsins. Yfirlýs-

ing þessi er reyndar ekki staðsett, þótt hún virðist hafa verið undirrituð í Kaliforníu í Bandaríkjunum, og hún er óstaðfest. Hefur stefndi mótmælt henni sem rangri. Þótt Guðlaugur Maggi hafi borið fyrir lögreglu 19. júní 1989 að hafa selt Ólafi Þór bifreiðina í desember 1988, verður slíkri yfirlýsingu engan veginn jafnað til afsals á bifreiðinni, og getur hún því ekki talist nægjanleg eignarheimild. Ólafur Þór hefur ekki gert reka að því að fá skráða eignarheimild að bifreiðinni, jafnvel eftir að hann skipti um skoðun og taldi sig eiganda hennar. Bifreiðin hefur því aldrei verið skráð eign Ólafs Þórs, og ekki liggur fyrir afsal eða önnur gögn um sölu hennar frá Guðlaugi Magga til Ólafs Þórs.

Telja verður, að stefnandi verði að sæta öllum þeim mótbárum, sem Ólafur Þór hefði sjálfur þurft að sæta af hendi stefnda, þar sem hún leiðir rétt sinn af ætluðum bótarétti hans. Bifreiðin mun hafa verið seld á uppboði 27. júní 1991. Kröfur stefnanda eru fyrst settar fram af henni rúmlega ári síðar, þ. e. með bréfi, dags. 2. júlí 1992, en það er fyrst með því bréfi, að fullyrt er, að Ólafur Þór hafi verið eigandi bifreiðarinnar á árinu 1989. Verður að telja, að Ólafur Þór hafi með þessu sýnt verulegt tómlæti gagnvart ætlaðri eign sinni, og rennir það stoðum undir fullyrðingar stefnda um ótrausta eignarheimild hans.

Þegar litið er til framangreinds, verður ekki séð, að stefnandi hafi sýnt fram á heimild sína til þeirrar kröfu á hendur íslenska ríkinu, sem hún gerir í þessu máli. Verður því þegar af þeirri ástæðu að fallast á kröfu stefnda um sýknu honum til handa vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991.

Eftir atvikum og með tilvísun til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hvor málsaðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Vilborgar Yrsu Sigurðardóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
